

Við veitingar úr sjóðnum eða endurgreiðslu skal geta nafns og upphæðar í **93**
reikningnum. 5. sept.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. júní 1917.

Olafur Jónsson. Jón Ófeigsson. Páll Stefánsson. Stefán Sigurðsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Blómsveigasjóð Karlottu **94**
Pálsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráð- 5. sept.
herra Íslands 5. september 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Blómsveigasjóð Karlottu Pálsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita: Blómsveigasjóður Karlottu Pálsdóttur, og er stofn-
aður af foreldrum hennar, Páli Sigurðssyni og Aðalheiði Jóhannesdóttur, með kr.
100,00 — eitt hundrað krónum — á dánardag Karlottu h. 25. jan. 1917. Tekjur
sjóðsins er ætlast til að sjeu gjafir, er komi í stað líkkransa, svo og aðrar gjafir
og áheit frá þeim, er styrkja vilja tilgang sjóðsins. Sjóðurinn ávaxtist í Spari-
sjóði Húsavíkur, eða í annari jafntryggri lánsstofnun.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga úr Húsavíkurhreppi,
er þurfa að leita sjer læknishjálpar. Að öðru jöfnu skulu ávalt sitja fyrir styrkn-

94 um þeir sjúklingar, er verið hafa eða eru í þjónustu landssímans í Húsavík.
5. sept. Þurfamönnum má ekki veita styrk úr sjóðnum.

3. gr.

Gjaldkeri sjóðsins heldur bók, er hann innfærir í nöfn látinna manna, sem óskað er að sjeu rituð þar. Sá, sem biður um innritun á nafni látins vinar, greiðir innritunargjald það, er honum sjálfum sýnist, en fær í staðinn afhent minningarspjald frá sjóðnum.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 1000 — eitt þúsund — krónur, má verja hálfum ársvöxtum hans, en þegar hann hefir náð 2 — tveim — þús. krónum, má verja öllum ársvöxtum hans til sjúkraстыrks, og til sjúkrahúsbyggingar, eða eflingar sjúkrahússins ef svo stendur á, svo og alt að helmingi stofnfjárins, þó þannig að sjóðurinn aldrei verði minni en kr. 1000,00 — eitt þúsund krónur.

Heimilt er stjórn sjóðsins, ef henni virðist þess þörf, að lána stofnfje sjóðsins alt til sjúkrahúsbyggingar í Húsavík, gegn fullkominni tryggingu og með venjulegum sparissjóðsvöxtum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Hjeraðslæknirinn í Húsavíkurhjeraði, oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar Húsavíkur. Hinn þriðji sje kjörinn af Kvenfjelagi Húsavíkur, en leggist það fjelag niður, er sóknarpresturinn í Húsavík sjálfkjörinn þriðji maður í stjórnina. Ætlast er til að menn þessir vinni kauplaust.

Stjórnin skiftir með sjer verkum, og kys úr sínum flokki gjaldkera, er annast bókfærslu og reikningshald sjóðsins, og leggur árlega reikning hans fyrir sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu til endurskoðunar. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórnin annast á kostnað sjóðsins um að prentuð sjeu minningarspjöld þau, er um getur í 3. grein.

6. gr.

Skylt er stjórninni að annast um, að ekki fari í niðurníðslu grafreitargrindur og þau önnur mannvirki, er foreldrar Karlottu sálugu gera um og á leiði hennar, og að leiðinu verði ekki að öðru leyti raskað, en því, er hennar nánustu ættingjar ákveða.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Gjört í Húsavík í aprilmánuði 1917.

Adalheiður Jóhannesdóttir.

Páll Sigurðsson.